



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
FORNLEIFAÐEILD

Fornleifakönnun vegna vegaframkvæmda á Uxahryggjaleið

Viðauki um leið 2b

Ragnar Edvardsson

Júlí 2005
NV nr. 10-05 viðauki

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 21
415 Bolungarvík

Sími: 4567005
Fax: 4567351

Kennitala: 610397-2209
Netfang: nave@nave.is
Heimasíða: <http://www.nave.is>

1. Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar tók Náttúrustofa Vestfjarða að sér að kanna fornleifar á framkvæmdarsvæði Vegagerðarinnar á Uxahryggjaleið. Fornleifakönnun fór fram dagana 23.- 24. júlí 2005 og framkvæmdi Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur könnunina. Skýrsla um niðurstöður könnunar kom síðan út í júlí 2005 (Ragnar Edvardsson 2005).

Þrjár veglínur eru lagðar til; veglína 1 sem fylgir nokkurn veginn gamla vegstæðinu, veglína 2 og 2b sem liggja aðeins austar en veglína 1 og í jaðri hraunbreiðu, austan megin á framkvæmdarsvæðinu. Eftir að athugunin hafði verið gerð þá færðist leið 2b til á nokkrum köflum við endanlega veghönnun og þurfti því að staðsetja fornleifarnar (vörður) aftur með tilliti til nýrra veglínu.

2. Fjarlægðir á vörðum á leið 2b

Hér fyrir neðan er listi yfir vörður á leið 2b og fjarlægðir frá þeim í miðlínu veglínunnar. Einnig eru þær hnissettar (tafla 1 og kort 1).

Nr 8. Varða

Varða hlaðin úr nokkrum stórum steinum í u.þ.b. 20 metra frá miðlínu veglínu 2b. Varðan stendur á hraunhellu og er u.þ.b. 0.50 m á lengd og breidd og 0.80 m að hæð.

Hættumat: Hætta.

Nr 9. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum svipar til nr. 8 en aðeins stærri. Hún er 30 m frá miðlínu veglínu 2b. Grunnur vörðunnar er ferhyrndur. Lengd og breidd um 1 m og hæð um 1 m.

Hættumat: Hætta.

Nr 10. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum, strýtulaga og stendur u.þ.b. 27 m frá miðlínu veglínu 2b. Grunnflötur vörðunnar er um 1*1 m og hæð um 1.20 m.

Hættumat: Hætta.

Nr. 11. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum og er hluti hennar hruninn. Hún er um 32 m frá miðlínu veglínu 2b. Grunnflötur vörðunnar er um 80 * 80 m en upphafleg hæð óviss.

Hættumat: Hætta.

Nr. 12. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum og stendur hún um 57 m frá miðlínu veglínu 2b. Grunnflötur vörðunnar er u.þ.b. 1 * 1 m og er hún um 1.20 m á hæð.

Hættumat: Hætta

Nr. 13. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum og stendur hún um 197 m frá miðlínu veglínu 2b. Grunnflötur vörðunnar er u.þ.b. 1 * 1 m og er hún um 1.50 m á hæð.

Hættumat: Engin hætta.

Nr. 14. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum og stendur hún um 136 m frá miðlínu veglínu 2b. Grunnflötur vörðunnar er u.þ.b. 1 * 1 m og er hún um 0.80 m á hæð.

Hættumat: Engin hætta.

Nr. 15. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum og stendur hún um 50 m frá miðlínu veglínu 2b. Grunnflötur vörðunnar er u.þ.b. 1 * 1 m og er hún um 0.50 m á hæð.

Hættumat: Hætta.

Nr. 16 Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum og stendur hún um 106 frá miðlínu veglínu 2b. Grunnflötur vörðunnar er u.þ.b. 0.50 * 0.50 m og er hún um 0.40 m á hæð.

Hættumat: Engin hætta.

Nr. 17 Reiðgata

Gömul reiðgata liggur frá Ormavöllum að Biskupsbrekku og liggur hún austanmegin við malarhrygg sem er austan við veglínu 1 frá Tröllhálsi að Sandvatnakvísl. Gatan sést greinilega á nokkrum stöðum frá Ormavöllum að Sandvatnakvísl en frá kvíslunum að Biskupsbrekku er hún mjög greinileg. Leið 2 og 2b liggja nokkurn veginn á sömu slóðum og gatan.

Hættumat: Hætta

Nr. 18. Sæluhús

Við Biskupsbrekkur stóð fyrrum sæluhús sem nú er löngu horfið. Sæluhúsið stóð nokkurn veginn þar sem að kross hefur verið reistur til minningar um Jón Vídalín biskup.

Hættumat: Engin hætta.

Nr. 19 Varða

Lítill varða u.þ.b. 0.75 m á hæð. Hún er um 65 m frá miðlínu veglínu 2b.

Hættumat: Lítil hætta.

Nr. 20 Varða

Varða u.þ.b. 1.5 m á hæð. Hún er um 56 m frá miðlínu veglínu 2b.

Hættumat: Hætta.

Tafla 1. Númer fornleifa og hnit.

Númer	Hnit
8	64°23°02.990 - 20°58°48.304
9	64°23°55.911-20°58°28.156
10	64°24°15.959-20°58°35.749
11	64°24°20.922-20°58°42.848
12	64°24°23.211-20°58°44.798
13	64°24°33.064-20°58°51.657
14	64°24°45.049-20°58°59.466
15	64°24°49.128-20°59°02.142
16	64°24°56.383-20°59°04.652
17	Reiðgata
18	64°25°13.658-20°59°26.932
19	64°23°51.944-20°58°33.161
20	64°23°45.342-20°58°32.842

3. Niðurstöður

Vörður nr. 8, 9, 10 og 11 eru 20-30 m frá miðlínu veglínu 2b. Þær þurfa því að vera vel merktar og vel varðar svo það sé ekki hættu á að þær verði fyrir raski. Varða nr. 12, 15, 19 og 20 eru í um og yfir 60 m fjarlægð frá leið 2b og eru þær því einnig í nokkurri hættu og verða því vel merktar og varðar ef þess þarf. Aðrar vörður ættu ekki að vera í hættu þar sem þær eru meira en 100 m frá miðlínu veglínu 2b.


Þakkir

Böðvar Þórisson hjá Náttúrustofu Vestfjarða.

4. Heimildir

Ragnar Edvardsson. 2005. Fonleifakönnun vegna vegaframkvæmda á Uxahryggjaleið. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 10-05.

5. Kort



Kort1. Minjastaðir á framkvæmdasvæðinu.